



Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni 2020–2023

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni 2020-2023

Janúar 2024

for@for.is

www.stjornarradid.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2023 Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-482-45-7

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Lög, þingsályktanir og aðgerðaáætlanir	5
2.1 Lagabreytingar	5
2.2 Þingsályktanir og aðgerðaáætlanir	7
3. Aðgerðir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni	10
3.1 Forvarnir og vitundarvakning	10
3.2 Aðgerðir í þágu þolenda	11
3.2.1 Styrkir til úrræða fyrir þolendur	12
3.2.2 Skýrslur og greiningarvinna	14
3.3 Úrræði fyrir gerendur	15
3.4 Aðgerðir vegna afleiðinga Covid-19 faraldursins	16
3.4.1 Aðgerðateymi um ofbeldi og aðgerðir þess	16
3.4.2 Styrkir vegna Covid-19 faraldursins	17
3.5 Aðrar aðgerðir stjórnvalda	18
3.5.1 Neyðarlínan 112 rafræn gátt um ofbeldi	18
3.5.2 Verkefni tengd skólum og æskulýðsstarfi	19
3.5.3 Aðgerðir á vinnumarkaði	20
4. Alþjóðlegir samningar og sáttmálar	22
5. Önnur verkefni	23
5.1 Alþjóðlegt samstarf	23
5.2 Ráðstefnur og fundir um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi	23

1. Inngangur

Í stjórnarsáttmálum Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs hefur verið lögð áhersla á að vinna markvisst að aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi, umbótum í meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu og eflingu forvarna og fræðslu gegn kynferðislegu og kynbundu ofbeldi og áreitni.

Þetta hefur verið gert með endurskoðun og umbótum á löggjöf, aðgerðaáætlunum í formi þingsályktana, með auknum fjárveitingum til málaflokksins, t.d. til lögreglu, og styrkjum til ýmissa félaga sem starfa í málaflöknum.

Meðfylgjandi samantekt gefur gott yfirlit yfir helstu aðgerðir stjórnvalda. Sams konar [samantekt](#) var gefin út í maí 2021.

2. Lög, þingsályktanir og aðgerðaáætlanir

2.1 Lagabreytingar

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi)

Frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á almennum hegningarlögum sem varða kynferðislega friðhelgi var [samþykkt](#) á Alþingi í febrúar 2021. Tilfni lagasetningarinnar er aukið stafrænt kynferðisofbeldi í íslensku samfélagi. Engin einhlít skilgreining lá fyrir um hugtakið en með því er vísað til háttsemi sem felst í því að nýta stafræn samskipti til þess að búa til, dreifa eða birta kynferðislegt myndefni af öðrum í heimildarleysi. Slík brot geta þó einnig átt sér stað án þess að stafræn tækni sé nýtt.

Lögin fela í sér breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem kveða á um kynferðisbrot annars vegar og friðhelgi einkalífs hins vegar. Þá er kveðið á um breytingu á lögum um meðferð sakamála til þess að tryggja virkni þeirra breytinga sem samþykktar voru á hegningarlögum. Lögin miða að því að styrkja réttarvernd einstaklinga með hliðsjón af þeim samfélagslegu breytingum sem orðið hafa með aukinni tæknivæðingu og viðhorfsbreytingum gagnvart kynferðisbrotum á Íslandi.

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (umsáturseinelti)

Frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á almennum hegningarlögum um umsáturseinelti var [samþykkt](#) á Alþingi í febrúar 2021. Við lögin hefur bæst eftirfarandi grein: „Hver sem endurtekið hótar, eltir, fylgist með, setur sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti situr um annan mann og háttsemin er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.“

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (mansal)

Frumvarp dómsmálaráðherra sem laut að breytingum á mansalsákvæðum almennra hegningarlaga var [samþykkt](#) í júní 2021. Gerðar voru breytingar á ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um mansal, 1. mgr. 227. gr. a, til að efla enn frekar réttarvernd þolenda mansals og auðvelda málsókn á hendur gerendum. Lögin taka á verknaðarlýsingu mansals sem tryggir betur vernd brotþola gagnvart ýmiss konar nauðung.

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.)

Frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 sem laut að barnaníðsefni, hatursorðræðu, mismunun o.fl. var [samþykkt](#) á Alþingi í júní 2022. Helstu breytingar voru:

- **Í fyrsta lagi** að við ákvörðun hegningar, sbr. 70. gr. laganna, beri að taka til greina hvort brot megi rekja til nánar tilgreindra atriða er varða brotþola persónulega og brot sé þannig af meiði hatursglæpa. Auk þess skuli að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingu ef brot er framið í nærveru barns yngra en 15 ára.
- **Í öðru lagi**, og nátengt fyrsta atriðinu, var hatursorðræðuákvæði 233. gr. a almennra hegningarlaga rýmkað þannig að þjóðernisuppruni (e. ethnic origin) falli ótvírætt þar undir sem og að ákvæðið veitir fötluðu fólki og fólki með ódæmigerð kyneinkenni vernd til samræmis við aðra hópa sem eru taldir þurfa á sérstakri vernd að halda.
- **Í þriðja lagi** er hliðstæð breyting á 1. mgr. 180. gr. almennra hegningarlaga þannig að sömu hópar njóta verndar samkvæmt því ákvæði og 233. gr. a. Með því verður m.a. refsivert að neita fötluðum einstaklingi um vöru eða þjónustu til jafns við aðra.
- **Í fjórða lagi** er barnaníðsákvæði 210. gr. a laganna skipt upp í fjórar málsgreinar. Skilgreining er á barnaníði og hámarksrefsing var hækkuð, en jafnframt var kveðið á um að ákvæðið tæki ekki til persónulegra samskipta ungmenna að nánari skilyrðum uppfylltum.
- Loks bættist **í fimmta lagi** við lögin nýtt ákvæði, 210. gr. c, um innbyrðis ítrekunartengsl barnaníðsákvæðanna, þ.e. 210. gr. a og 210. gr. b.

Lög um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993 (aldur hjónaefna, könnunarmenn o.fl.)

Frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á hjúskaparlögum var [samþykkt](#) á Alþingi í júní 2022. Með lögunum var afnumin undanþáguheimild frá því að einstaklingur yngri en 18 ára megi ganga í hjúskap. Lögfest var meginregla um viðurkenningu hjónavígslu sem stofnað er til erlendis. Með lögunum verða hjónavígslur einstaklinga yngri en 18 ára sem fara fram erlendis ekki viðurkenndar hér á landi nema samkvæmt ströngum undanþágum. Markmið breytinganna er að samræma hjúskaparlögin alþjóðlegum tilmælum og viðhorfum varðandi lágmarksaldur til þess að ganga í hjúskap. Jafnframt er markmiðið að bæta gæði könnunar á hjónavígsluskilyrðum, samræma framkvæmdina, bregðast við gagnrýni á gildandi löggjöf um lögsögu í skilnaðarmálum og samræma lögin þeim reglum sem um þetta gilda annars staðar á Norðurlöndunum.

Lög um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda)

Frumvarp dómsmálaráðherra sem lýtur að breytingum á lögum um meðferð sakamála var [samþykkt](#) í júní 2022. Markmið breytinganna eru að bæta réttarstöðu brotþola og fatlaðra einstaklinga sem og aðstandenda látinna einstaklinga, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi hjá lögreglu eða fyrir dómstólum. Helstu breytingar og nýjungar eru að aðgangur réttargæslumanns að gögnum á rannsóknarstigi er í grundvallaratriðum sá sami og aðgangur verjanda,

að brotþola er heimilt að vera viðstaddur lokað þinghald eftir að hann hefur gefið skýrslu, að réttargæslumanni er milliliðalaust heimilað að beina spurningum til skýrslugjafa fyrir dómi og að brotþola verði í ríkara mæli skipaður réttargæslumaður við meðferð áfrýjaðra mála. Dómari geti ákveðið í vissum tilvikum að skýrsla af fötluðum brotþola eða vitni verði tekin í sérútbúnu húsnæði sem og að dómari geti kvatt kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku af fötluðu vitni. Aðstandanda látins einstaklings, í þeim tilvikum þegar rannsókn lögreglu beinist að dánarorsök hans, verði heimilt að koma fram sem fyrirsvarsmaður hins látna undir rannsókn málsins hjá lögreglu og að í ákveðnum tilvikum verði unnt að tilnefna fyrirsvarsmanni réttargæslumann.

Lög um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (tilkynningar um heimilisofbeldi)

Frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn um tilkynningar um heimilisofbeldi var [samþykkt](#) í maí 2023. Með samþykkt laganna hafa heilbrigðisstarfsmenn nú heimild til að tilkynna lögreglu um heimilisofbeldi að beiðni sjúklings. Í slíkum tilvikum er heimilt að miðla til lögreglu almennum persónuupplýsingum sjúklings, upplýsingum um áverka sjúklings ásamt öðrum upplýsingum sem varða ofbeldið og aðstæður sjúklingsins og eru taldar nauðsynlegar í þeim tilgangi að lögregla geti gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nauðsynlega vernd og stuðning við sjúkling. Nauðsynlegt er að auka upplýsingaflæði frá heilbrigðiskerfinu til lögreglu í þessum málum og samvinnu til að tryggja vernd og stuðning við þolanda og draga úr líkum á ítrekuðu ofbeldi. Markmiðið með lögunum er að uppfylla skýrar þær skyldur sem Ísland hefur samþykkt á grundvelli samnings Evrópuráðsins um forvarnir gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi.

2.2 Þingsályktanir og aðgerðaáætlanir

Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025

Fyrsta heildstæða áætlunin um [forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025](#), var samþykkt á Alþingi sumarið 2019 og er fullfjármögnuð. Áætlunin á sér stöð í alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, m.a. um útrýmingu ofbeldis gegn konum og börnum. Framkvæmdinni er fylgt eftir af forsætisráðuneytinu.

Í fyrsta sinn eru settar fram heildstæðar úrbætur sem byggja á forvörnum sem eru samþættar kennslu og starfi á öllum skólastigum, innan frístundaheimila og félagsmiðstöðva og öðru æskulýðs- og tómstundastarfi. Forsætisráðuneytið hefur það hlutverk að samhæfa vinnubrögð, skýra ábyrgð, greina skörun og koma á góðu samstarfi ábyrgðaraðila við framfylgd áætlunarinnar. Ábyrgðaraðilarnir eru 18 talsins og lykilaðilar m.a. Samband íslenskra sveitarfélaga, Menntamálastofnun, Barnaverndarstofa, Embætti landlæknis og skólaskrifstofur.

Frá því að þingsályktunin var samþykkt hefur verið ráðinn forvarnafulltrúi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að fylgja eftir áætluninni. Opnaður hefur verið vefurinn Stopp_ofbeldi.is þar sem náms- og fræðsluefni sem styður við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi er aðgengilegt á einum stað. Gagnvirk netnámskeið með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni, sem fjalla um einkenni barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hvernig bregðast skuli við ef barn greinir frá ofbeldi, fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum hafa verið birt á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu. Nánar um frekari framgang einstakra aðgerða má nálgast á maelaborði um stöðu aðgerða í þingsályktuninni.

Aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota 2023–2025

[Aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota 2023–2025](#) var birt í mars 2023. Við gerð áætlunarinnar var m.a. litið til tilmæla úr skýrslu GREVIO, eftirlitsnefndar um framfylgd samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

Með aðgerðaáætluninni verður áfram unnið markvisst að úrbótum við meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu. Áhersla er lögð á bættan málshraða við meðferð kynferðisbrota, m.a. með auknum fjárveitingum og fjölgun stöðugilda við rannsókn kynferðisafbrota, auk þess að stuðla að betri upplifun og þjónustu við bæði brotapolu og sakborninga, m.a. með því að bjóða brotapolum viðeigandi stuðningsviðtal hjá fagaðila í kjölfar skýrslutöku hjá lögreglu, og bættri upplýsingagjöf lögreglu til þolenda um framgang máls.

Þingsályktun um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

[Áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019–2022](#), sem var lögð fram af félags- og barnamálaráðherra, var samþykkt á Alþingi sumarið 2019. Meginmarkmið stjórnvalda með aðgerðaáætluninni er að stuðla að vakningu um málefnið með forvörnum og fræðslu, bæta verklag og málsmeðferð innan réttarvörslukerfisins og efla stuðning við þolendur.

[Stöðuskýrsla](#) hefur verið birt um framfylgd þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Meðal aðgerða sem er lokið er að koma á heildstæðu fagráði eineltismála fyrir öll skólastig sem og íþrótt- og æskulýðsstarf, koma á fót þekkingarmiðstöð um ofbeldi gegn börnum og efla vitund í samfélaginu um mikilvægi þess að sporna gegn haturstali. Enn fremur hefur verið stuðlað að menntun um ofbeldismál fyrir þau sem starfa innan réttarvörslukerfisins, áhersla verið lögð á vitundarvakningu um einelti og ofbeldi á vinnustöðum og settur á laggirnar upplýsingavefur um ofbeldi (112.is) þar sem hægt er að tilkynna um ofbeldi og fá upplýsingar um úrræði og þjónustu sem standa bæði þolendum og gerendum ofbeldis til boða. Þá hefur starfsemi Bjarkarhlíðar, þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, verið fest í sessi. Þá fór fram fyrsti landssamráðsfundur um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022–2025

Í júní 2022 var samþykkt [þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022–2025](#). Ein aðgerð áætlunarinnar miðar að því að þolendur og gerendur ofbeldis af erlendum uppruna þekki þá þjónustu og úrræði sem í boði eru. Jafnframt að þjónustu- og viðbragðsaðilar fái fræðslu um málefni innflytjenda, menningarnæmi og fjölmenningu. Aðgerðin felst í því að tryggt verði að fræðsla og úrræði fyrir þolendur og gerendur ofbeldis um allt land taki mið af þörfum innflytjenda sem ekki tala nægilega vel íslensku eða ensku og hugað verði sérstaklega að þörfum barna.

Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025.

Í júní 2022 var samþykkt þingsályktun um [aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025](#). Áætlunin er sú fyrsta sem snýr eingöngu að málefnum hinsegin fólks. Þar má finna aðgerð um hinsegin fólk og heimilisofbeldi með það markmið að skapa þekkingu á heimilisofbeldi meðal hinsegin fólks og vinna gegn því. Fer félags- og vinnumarkaðsráðuneytið með ábyrgð á aðgerðinni og hefur ráðuneytið unnið með embætti ríkislögreglustjóra og Samtökunum '78 að undirbúningi rannsóknarinnar. Birt hefur verið [mælaborð](#) með stöðu aðgerða í samþykkttri aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks.

3. Aðgerðir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni

3.1 Forvarnir og vitundarvakning

Stjórnvöld hafa ráðist í ýmsar forvarnaaðgerðir og vitundarvakningar sem byggja á tillögum starfshóps um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Forvarnir

Ríkislögreglustjóri hefur í samvinnu við lögregluembættin á landsvísu unnið að forvörnum vegna stafræns ofbeldis meðal barna og ungmenna, m.a. með vitundarvakningu í byrjun árs 2022. Kynning var send á alla grunnskóla landsins með unglingadeild fyrir nemendur í 8. bekk gegn stafrænu ofbeldi og um gildi samþykkis í stafrænum og kynferðislegum samskiptum ásamt kennsluleiðbeiningum fyrir kennara og upplýsingabréfi til foreldra barnanna á íslensku, ensku og pólsku. Þar sem samfélagslögregla var starfandi var fræðslunni fylgt eftir með heimsóknum í grunn- og framhaldsskóla. Þá hefur verið bætt við upplýsingum og ráðum um netöryggi fyrir börn á vefsíðu 112.is.

Embætti ríkislögreglustjóra fékk styrk að upphæð 10 m.kr. í upphafi árs 2023 til að koma í kring tæknilausnum og setja upp tilkynningagátt og upplýsingamiðlun til að tryggja að börn geti notað netið með þeim hætti sem samrýmist rétti þeirra til verndar gegn skaðlegu efni.

Vitundarvakning gegn barnaníði

Vitundarvakningin „*Taktu skrefið*“ gegn stafrænum kynferðislegum samskiptum fullorðinna við börn var hrundið úr vör haustið 2023. Með herferðinni eru þau sem skoða, leita að, sýna, vista, eiga eða dreifa kynferðislegu efni af börnum hvött til að hætta því og leita sér aðstoðar sérfræðinga hjá úrræðinu „*Taktu skrefið*“.

Vitundarvakning gegn kynferðisofbeldi í þremur áföngum

Fyrsti áfangi vitundarvakningarinnar var undir yfirskriftinni „*Er allt í góðu?*“ og hófst í byrjun mars 2022, þar sem sjónum var beint að skemmtanalífinu. Í herferðinni var almenningur hvattur til að vera vakandi gegn ofbeldi og varpa fram spurningunni: „*Er allt í góðu?*“ ef áhyggjur vöknud og leita til 112 ef svo væri ekki.

Annar áfangi vitundarvakningarinnar fór fram sumarið 2022 með átakanu „*Góða skemmtun*“ með áherslu á viðburði, hátíðir og skemmtanir víðs vegar um land með hvatningu um „*góða skemmtun*“ án ofbeldis. Almenningur var hvattur til að vera vakandi fyrir umhverfi sínu og hringja í 112 ef einhver þyrfti á aðstoð að

halda. Einnig var miðlað fræðslu til starfsmanna skemmtistaða um það hvernig best mætti tryggja öryggi gesta.

Þriðji áfangi vitundarvakningarinnar fór fram í aðdraganda jóla 2022, áhersla var á skemmtanir og viðburði í aðdraganda jóla. Almennur var hvattur til að skemmta sér vel og hafa hugfast að í góðri skemmtun fælist að öll gætu verið örugg fyrir kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Jafnframt var bent á að ef áhyggjur vakna um kynferðislegt ofbeldi eða áreitni sé rétt að leita til 112.

Vitundarvakning gegn kynferðisofbeldi sem beint var að karlmönnum

Vitundarvakningunni „Ekki vera þessi gaur“ var ýtt úr vör í desember 2021. Vitundarvakningin beindist að karlmönnum á aldrinum 18–35 ára og var tilgangurinn m.a. að skapa vitund um skökk viðhorf og hvar mörkin liggja í samskiptum. Herferðinni var ætlað að vekja athygli á viðhorfum til kynferðisbrota og jafnframt benda á að kynferðisofbeldi byrji fyrr en margir haldi. Jafnframt var markmiðið að vinna gegn skrímslavæðingu gerenda og að skapa umræðu um óeðlileg viðhorf í samskiptum karla við konur.

Vitundarvakning gegn heimilisofbeldi

Vitundarvakningin „Segðu frá“ hófst í október 2020. Almennur var hvattur til að segja frá heimilisofbeldi og leita aðstoðar hjá 112. Algengt var að þau sem heimsóttu vefinn á meðan á atakinu stóð væru að leita upplýsinga um andlegt ofbeldi en eitt mest lesna efnið á síðunni er efni sem sniðið hefur verið sérstaklega að ungu fólki.

Þú átt VON

Megininntak verkefnis Jafnréttisstofu, „Þú átt VON“, er að miðla reynslu af aðferðum sem hafa skilað árangri í baráttunni gegn ofbeldi í nánum samböndum, mynda tengsl á milli aðila, bjóða upp á fræðslu og standa að vitundarvakningu fyrir alla landsmenn. Með vitundarvakningunni er lögð áhersla á að sýna þolendum ofbeldis í nánum samböndum að það er von um betra líf. Dregin er fram reynsla þolenda og gerenda af því að komast út úr aðstæðum með stuðningi fagfólks og fjölbreytt þjónusta stendur fólki til boða.

3.2 Aðgerðir í þágu þolenda

- Framlög til löggæslu vegna kynferðisbrota og kynbundins ofbeldis voru hækkuð um 200 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2022. Stöðugildum vegna rannsókna kynferðisbrota var fjölgað um 12 og verkferlar innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu endurskoðaðir með það í huga að hraða málsmeðferð.
- Þjónustugátt fyrir þolendur kynferðisofbeldis var opnuð í desember 2021 en hún er rafrænt þjónustusvæði í gagnakerfi lögreglu og ákærvalds. Markmið með þjónustugáttinni er að bæta upplýsingagjöf til brotþola og sakborninga.

- Í ofbeldisgátt 112.is má nú finna upplýsingar um það hverju brotapolí megi búast við við meðferð málsins í réttarvörslukerfinu.
- Stjórnvöld hafa fjármagnað þrjú stöðugildi sérfræðinga í heimilisofbeldismálum (tvö stöðugildi félagsráðgjafa og eitt stöðugildi sálfræðings) sem sinna þolendum heimilisofbeldis af öllu landinu.
- Brotapólum kynferðisofbeldis hefur verið tryggð sálfræðiaðstoð að lokinni skýrslutöku hjá lögreglunni. Er þetta í samstarfi við áfallateymi geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss og munu öll lögregluembætti á landinu bjóða brotapolum í kynferðisbrotamálum upp á eftirfylgnisamtöl. Brotapólum kynferðisofbeldis verður vísað á áfallateymi Landspítalans í eftirfylgnisamtal. Þjónusta teymisins mun ekki einskorðast við eftirfylgnisamtalið, heldur verður þjónustan aðlöguð að þörfum hvers og eins. Í viðtalinu verður metin þörf á áframhaldandi stuðningi og úrvinnslu fyrir hvern og einn, þ.m.t. meðferð við áfallastreituröskun.
- Unnið hefur verið að þróun rafræns áhættumats vegna heimilisofbeldis meðal skyldra og tengdra á vettvangi sem verði tengt lögreglukerfinu LÖKE í samvinnu ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
- Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu hefur tekið saman fræðsluefni og gefið út nýtt verklag fyrir heilbrigðisstarfsfólk varðandi móttöku þolenda kynferðisofbeldis annars vegar og hins vegar fræðsluefni fyrir þolendur. Þróunarmiðstöðin vinnur verkefnið í samstarfi við verkefnisstjóra á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítala í Fossvogi.

3.2.1 Styrkir til úrræða fyrir þolendur

Aflið

Gerður hefur verið þriggja ára samningur við Aflið á Akureyri. Samningurinn hljóðar upp á 18 m.kr. árlegt framlag 2022–2024, til eftirfarandi verkefna: ráðgjafar og stuðnings til þolenda ofbeldis, starfsemi útibús á Austurlandi, aukinnar þjónustu til einstaklinga af erlendum uppruna, starfa fyrir framkvæmdaráð og stjórnar Bjarmahlíðar, stuðnings við kvennaathvarf á Norðurlandi, forvarnafræðslu, gerðar kynningarefnis, reksturs og verkefnisstjórnunar.

Bjarmahlíð

Þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri var opnuð í apríl 2019 í samstarfi við stjórnvöld. Þjónustumiðstöðin er samstarfsvettvangur opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka sem aðstoða þolendur ofbeldis. Þjónustumiðstöðin býður upp á samhæfða þjónustu og ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi af einhverjum toga. Brotapólum er gefinn kostur á stuðningi og ráðgjöf í kjölfar ofbeldis, þeim að kostnaðarlausu. Stjórnvöld hafa stutt við verkefnið með árlegum fjárstuðningi frá árinu 2019. Auk þess var veittur 2,5 m.kr. styrkur árið 2021 til að draga úr biðlistum með því að efla stafræna tækni og notkun samskiptaforrita sem eiga að taka mið af dreifðri búsetu, aldri, uppruna og fötlun.

Bjarkarhlíð

Rekstrargrundvöllur Bjarkarhlíðar var tryggður varanlega frá árinu 2019 með árlegu fjárframlagi frá stjórnvöldum. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerði samning við Bjarkarhlíð um varanlegt fjárframlag sem hljóðar upp á 20 m.kr. á ári og hefur að auki veitt árlega 15 m.kr. til viðbótar frá árinu 2019.

Árið 2021 var veittur 2,5 m.kr. styrkur til að draga úr biðlistum með því að efla stafræna tækni og notkun samskiptaforrita sem eiga að taka mið af dreifðri búsetu, aldri, uppruna og fötlun.

Bjarkarhlíð hefur verið styrkt árlega frá árinu 2020 um 3 m.kr. til þess að starfrækja framkvæmdateymi um mansalsmál sem kallað er saman þegar upp koma mansalsmál eða þegar grunur er um slíkt.

Bjarkarhlíð réðst í tilraunaverkefni sem felst í því að þjónusta þolendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum með fjárstuðningi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í ársbyrjun 2023 sem hljóðar upp á 6 m.kr.

Kvennaráðgjöfin

Dómsmálaráðuneytið veitti Kvennaráðgjöfinni styrk vegna lögfræðiráðgjafar við brotaþola kynbundins ofbeldis í janúar 2023. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur einnig styrkt starfsemina.

Samtök um kvennaathvarf

Samtökin hafa fengið árlegt framlag á fjárlögum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu undanfarin ár, síðast 85,6 m.kr. árið 2023.

Sigurhæðir

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur frá upphafi veitt árlegan stuðning til starfsemi Sigurhæða sem rekið er af Soroptimistaklúbbi Suðurlands og er þjónustuúrræði fyrir konur búsettar á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Þar býðst þeim samhæfð ráðgjöf, stuðningur og meðferð.

Stígamót

Stígamót hafa fengið árlegt framlag á fjárlögum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Að auki fengu samtökin eftirfarandi styrki:

- Árið 2023 var veittur 1,5 m.kr. styrkur til starfseminnar.
- Árin 2021–2023 veitti forsætisráðuneytið 12 m.kr. styrk árlega fyrir verkefnið „Sjúktspjall“.
- Árið 2022 var veittur tæplega 5 m.kr. styrkur til verkefna til að virkja karla í baráttunni gegn ofbeldi og greiningu á gögnum Stígamóta um gerendur ofbeldis.
- Árið 2021 var veittur 10 m.kr. styrkur til efla þjónustu við ungmenni og draga úr biðlistum brotaþola kynbundins og kynferðislegs ofbeldis.

- Árið 2021 var veittur 15 m.kr. styrkur til að þjónusta ungmenni og stytta biðlista brotþola kynbundins og kynferðislegs ofbeldis vegna aukins álags á tímum heimsfaraldurs Covid-19.

Aðrir styrkir

- Veittir voru 18 m.kr. styrkir til þeirra lögregluembætta sem hafa beina aðkomu að þolendamiðstöðvum. Styrkjunum er ætlað að þróa áfram þverfaglega samvinnu gegn ofbeldi og draga úr líkum á ítrekunarbrotum vegna kynbundins ofbeldis.
- Forsætisráðuneytið styrkti samtök sem styðja við þolendur ofbeldis í aðdraganda jóla 2022. Þær stofnanir eða samtök sem um ræðir voru Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Kvennaathvarfið, Róttin/Konukot, Sigurhæðir og Stígamót og rann 1 m.kr. til hversrar stofnunar, eða alls 6 m.kr.

3.2.2 Skýrslur og greiningarvinna

Skýrsla um samræmda heilbrigðisþjónustu við börn sem þolendur kynferðisofbeldis

[Skýrsla um samræmda heilbrigðisþjónustu við börn sem þolendur kynferðisofbeldis](#) var birt í október 2023. Heilbrigðisráðherra hefur samþykkt tillögur í skýrslunni um innleiðingu verklags varðandi réttarlæknisfræðilegar skoðanir og sýnatökur og að setja á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að kortleggja fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn sem búa við hvers kyns ofbeldi og skýra framtíðarsýn heilbrigðisþjónustu í málaflokknum.

Skýrsla um fyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis

[Skýrsla um fyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis ásamt tillögum](#) var birt í mars 2023. Í skýrslunni er lagt mat á hvaða laga- og reglugerðarbreytinga er þörf þegar kemur að þjónustu vegna ofbeldis með tilliti til ákvæða í samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningur).

Greining á þjónustumiðstöðvum fyrir þolendur ofbeldis

Skýrsla um [greiningu á þjónustumiðstöðvum](#) fyrir þolendur ofbeldis var birt í júní 2023. Helstu niðurstöður greiningarinnar eru að þörf er á bæði fjárhagslegum og kerfislægum stuðningi frá stjórnvöldum til að tryggja starfsemi þolendamiðstöðva til framtíðar, þ.m.t. að setja mögulega sérstök lög um þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, skilgreina og efla stuðningsþjónustu fyrir þolendur ofbeldis, endurskoða lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og móta samræmdar reglur fyrir samstarfsaðila og leiðbeiningar fyrir fagfólk.

Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota

[Skýrslan](#) var birt í ágúst 2022. Markmiðið var að rýna þau kynferðisbrotamál þar sem málsmeðferðartíminn væri langur, skoða hvaða atriði tefðu helst meðferð málanna og hvort og þá hvernig unnt væri að breyta og bæta verklag og stytta

um leið málsmeðferðartíma. Í skýrslunni voru lagðar fram tillögur til úrbóta sem snúa m.a. að því að hlúa þarf að starfsfólki sem vinnur að kynferðisafbrotamálum, forgangsörðun mála, notkun fjarfundabúnaðar við skýrslutökur og samræmdum skráningum í málaskrárkerfi lögreglunnar um allt land.

Skýrsla um samræmda heilbrigðisþjónustu vegna kynferðisofbeldis

[Skýrsla um samræmda heilbrigðisþjónustu vegna kynferðisofbeldis](#) var birt í desember 2022. Í henni eru m.a. tillögur að verklagi, samræmdum rafrænum skráningarformum og þróun fræðsluefnis fyrir heilbrigðisstarfsfólk varðandi móttöku þolanda. Unnið er að innleiðingu þeirra.

Verklag í heilbrigðisþjónustu við móttöku þolanda heimilisofbeldis

[Skýrsla](#) um verklag í heilbrigðisþjónustu við móttöku þolanda heimilisofbeldis var birt í ágúst 2021. Í skýrslunni eru tillögur að verklagi, hugmyndir að fræðsluefni, samræmt skráningarform vegna réttarlæknisfræðilegrar skoðunar o.fl. Verklagið tekur mið af móttöku fullorðinna þolanda heimilisofbeldis. Í kjölfarið hófst vinna við útfærslu og uppsetningu á samræmdu verklagi í heimilisofbeldismálum sem nú hefur verið sett inn í gæðaskjal Landspítalans og unnið er að innleiðingu þess. Forritun á rafrænni uppsetningu á leiðbeiningum og skráningarformi fyrir réttarlæknisfræðilega skoðun hefur verið fjármögnuð.

3.3 Úrræði fyrir gerendur

Heimilisfriður

Stjórnvöld hafa árlega styrkt Heimilisfrið, meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánum samböndum. Í ársbyrjun 2023 var samningur við miðstöðina endurnýjaður. Árin 2020 og 2021 fékk Heimilisfriður samtals 15 m.kr. aukafjármagn til þess að bregðast við aukinni ásókn í meðferðarúrræðið á tímum Covid-19.

Taktu skrefið

Stjórnvöld hafa frá árinu 2021 styrkt samtökin „*Taktu skrefið*“ árlega til að bjóða upp á sérhæfða sálfræðimeðferð fyrir einstaklinga sem sýnt hafa skaðlega kynferðislega hegðun eða hafa áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni, á netinu eða gagnvart öðrum.

Samtökin hafa einnig hlotið fjármagn til að veita sakborningum í kynferðisbrotamálum viðeigandi stuðning að lokinni skýrslutöku hjá lögreglu.

Upplýsingar á 112.is

Bætt hefur verið við upplýsingum fyrir gerendur og/eða sakborninga í kynferðisofbeldismálum á ofbeldisgátt 112.is um leiðir til að hætta að beita ofbeldi og um meðferð mála hjá réttarvörslukerfinu. Bent er sérstaklega á úrræðin „*Taktu skrefið*“, Heimilisfrið og hjálparsíma Rauða krossins.

3.4 Aðgerðir vegna afleiðinga Covid-19 faraldursins

3.4.1 Aðgerðateymi um ofbeldi og aðgerðir þess

Aðgerðateymi um ofbeldi var sett á fót árið 2020 í þeim tilgangi að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi á tímum efnahagsþrenginga og áfalla. Verkefni teymisins sneru einkum að almennri vitundarvakningu um ofbeldi gegn börnum og heimilisofbeldi, eflingu þjónustu og stuðningsúrræða við þolendur ofbeldis.

Aðgerðateymið lagði í upphafi vinnunnar fram sjö megin tillögur sem allar eru komnar í farveg:

- Barnahús var eflt og styrkt með fjárveitingu þannig að mætt var aukinni þörf fyrir þjónustu og upprætingu biðlista sem hafði myndast eftir þjónustu.
- Neyðarnúmerið 112 var eflt og þróað með þeim hætti að þangað er hægt að leita vegna heimilisofbeldis og ofbeldis gegn börnum. Sjá frekari umfjöllun hér fyrir neðan um ofbeldisgátt neyðarlínunnar.
- Aðgengi íbúa á landsbyggðinni að þjónustu vegna heimilisofbeldis var styrkt og í því skyni var stutt við tilraunaverkefni um opnun kvennaathvarfs á Akureyri í ágúst 2020. Úrræðið er enn opið.
- Stuðningur við börn sem eru í viðkvæmri stöðu var aukinn og áhersla á vernd þeirra eflað. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk styrk til að taka sérstaklega utan um börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu og var reynslan af því verkefni mjög jákvæð.
- Komið var á tilraunaverkefni sem felur í sér að efla og þróa samvinnu sýslumanna, lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar í málum er lúta að velferð og högum barna, með sérstakri áherslu á vernd barna sem búa við eða hafa búið við ofbeldi á heimili.
- Ríkislögreglustjóra var falið að gera úttekt og greiningu á ofbeldi gegn öldruðum og fötluðum í þeim tilgangi að veita þeim betri vernd gegn ofbeldisbrotum. Skýrsla um ofbeldi gegn fötluðu fólki kom út í janúar 2021 og skýrsla um ofbeldi gegn öldruðu fólki kom út í mars 2021. Í skýrslunum komu fram tillögur um aðgerðir til þess að bæta stöðu aldraðra og fatlaðra gegn ofbeldisbrotum.
- 25 milljónum króna var veitt til verkefna sem fela í sér aðgerðir gegn ofbeldi með áherslu á samstarf frjálsra félagasamtaka og opinberra aðila, sjá umfjöllun á bls. 19.

Aðgerðir og tilraunaverkefni út frá tillögum aðgerðateymis um ofbeldi

- Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum stýrir tilraunaverkefni sem felur í sér að efla og þróa samvinnu sýslumanna, lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar í málum er lúta að velferð barna, með áherslu á vernd barna sem búið hafa við ofbeldi á heimili. Á haustmánuðum 2020 var haldin vinnustofa í Vestmannaeyjum með fagaðilum úr hópi barnaverndar, félagsþjónustu, fulltrúa sýslumanna og lögreglu víðs vegar að af landinu um

hvernig megi samræma verkferla. Verkefnið leiddi af sér margvíslegar afurðir, t.a.m. var stofnaður formlegur samráðsvettvangur á grundvelli samstarfsyfirlýsingar sýslumanns, lögreglu og sveitarfélagsins og mótað sameiginlegt verklag um miðlun upplýsinga vegna gruns um ofbeldi gegn barni. Á landsvísu hefur verkefnið verið fyrirmynd fyrir þróun á svæðisbundnu samráði um afbrotavarnir hjá öðrum lögregluembættum.

- Tabú (feminísk fötlunarhreyfing sem beinir sjónum sínum að margþættri mismunun gagnvart fötluðu fólki) stóð fyrir jafningjafræðslu á árunum 2021–2022. Markmið fræðslunnar var að auka réttarvitund, sjálfsskilning og líkamsvirðingu. Áhersla var lögð á misrétti og ólíkar birtingarmyndir ofbeldis og hvernig hægt sé að leita aðstoðar telji þátttakendur sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða að á rétti þeirra hafi verið brotið.
- Tabú aðstoðaði Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar við gerð fræðsluefnis fyrir lögregluna. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar hefur staðið að námskeiðum fyrir starfandi lögreglumenn um birtingarmyndir ofbeldis í lífi fatlaðs fólks. Markmið námskeiðanna er að fagfólk á sviði löggæslu öðlist dýpri skilning í samskiptum við fólk með fötlun, á sögu fatlaðs fólks og hvernig ofbeldi í lífi fatlaðs fólks birtist á stundum með öðrum hætti en hjá ófötluðu fólki.
- Tabú og 112.is unnu fræðslumyndbönd um ofbeldi gegn fötluðu fólki sem finna má á vefsvæði 112.is.
- Ráðgjafar- og greiningarstöðin býður upp á námskeiðið *Allt um ástina* fyrir ungmenni með frávik í taugaproska á aldrinum 15–20 ára. Námskeiðið er forvarnanámskeið gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- Meðferðarúrræðið *Keep safe* var styrkt til að undirbúa námskeiðahald og kynningu á úrræðinu fyrir barnaverndarnefndir, en það er þróað fyrir drengi á aldrinum 12–17 ára sem eru með frávik í þroska.

3.4.2 Styrkir vegna Covid-19 faraldursins

Í september 2023 voru veittir styrkir að upphæð 60 m.kr. til sex verkefna sem miðuðu að því að tryggja þolendum og gerendum ofbeldis um land allt aðgengi að stuðningi og ráðgjöf. Þau verkefni sem hlutu styrki voru:

- Samtök um kvænnaathvarf, fyrir kvænnaathvarf á Akureyri.
- Samtök um kvænnaathvarf, fyrir fræðslu og sýnileika.
- Ríkislögreglustjóri og sveitarfélög á Suðurnesjum, fyrir svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og afbrotum á Suðurnesjum.
- Soroptimistaklúbbur Suðurlands (Sigurhæðir), fyrir þjálfun starfsfólks Sigurhæða í áfallamiðaðri nálgun á grundvelli EMDR-aðferðafræðinnar.
- Kvennaráðgjöfin, fyrir lögfræðiráðgjöf.
- Bjarkarhlíð, fyrir þjónustu við þolendur ofbeldis með „ASSYST“-aðferðafræðinni.

Haustið 2021 voru veittir styrkir upp á 62,2 m.kr. til verkefna með það að markmiði að tryggja þolendum, aðstandendum og gerendum ofbeldis fjölbreyttar leiðir til að leita sér aðstoðar og fá í framhaldinu viðeigandi þjónustu og stuðning. Þau verkefni sem hlutu styrki voru:

- Vefútfærsla á hugrænni úrvinnslumeðferð við áföllum.
- Fræðsla um foreldrafærni til að draga þannig úr líkum á vanrækslu, misnotkun og ofbeldi gegn börnum.
- Rafrænir verkferlar við heimilisofbeldi til að bæta verklag og viðbrögð heilbrigðisstarfsmanna vegna heimilisofbeldis í Heilsuveru, hjá þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu og sjúkraskrárkerfinu. Staðið var að fræðslu og fræðsluefni gert aðgengilegt starfsfólki heilbrigðiskerfisins. Þar að auki var tilvísun á netspjall Heilsuveru á ofbeldisgátt 112.is komið á.

Vorið 2021 var úthlutað gæða- og nýsköpunarstyrkjum þar sem sérstök áhersla var lögð á verkefni sem nýtast heilbrigðisþjónustunni í kjölfar heimsfaraldursins. Sigurhæðir fengu styrk að upphæð 4 m.kr. vegna þróunar á EMDR meðferðarstarfi til að vinna úr afleiðingum áfalla.

Sumarið 2020 voru 25 m.kr. veittar til félagasamtaka og opinberra aðila vegna 17 verkefna sem áttu það sammerkt að stuðla að almennri vitundarvakningu um ofbeldi gegn börnum og heimilisofbeldi, eflingu þjónustu og stuðningsúrræða vegna ofbeldis og stuðningi við þróun og framkvæmd annarra verkefna á þessu sviði á tímum Covid-19. Styrkjunum var úthlutað eftir tillögu aðgerðarteymis um ofbeldi.

Samtök um kvennaathvarf fengu styrk að upphæð 100 m.kr. árið 2020 vegna áfangaheimilis og nýbyggingar samtakanna.

Stígamót fengu styrk að upphæð 20,5 m.kr. árið 2020 til þess að stytta biðlista eftir viðtali og efla þjónustu samtakanna vegna aukins álags á þjónustu samtakanna á tímum faraldursins.

Barnahús fékk styrk að upphæð 35 m.kr. árið 2020 til að stytta biðlista og til eflingar starfseminni.

3.5 Aðrar aðgerðir stjórnvalda

3.5.1 Neyðarlínan 112 rafræn gátt um ofbeldi

Neyðarnúmerið 112 hefur verið eflt og vefsvæði Neyðarlínunnar 112.is þróað með þeim hætti að það er orðið að vefgátt varðandi heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, stafrænt ofbeldi, ofbeldi gegn börnum og annars konar ofbeldi þar sem þolendur, aðstandendur og gerendur geta leitað upplýsinga og fundið úrræði til að stöðva ofbeldið.

Á vefsvæði 112.is má finna sérstakt svæði fyrir börn og unglunga með fræðslu um ofbeldi og leiðbeiningar um hvað eigi að gera ef börn og unglingar verða fyrir eða vitni að ofbeldi.

Birtir hafa verið leiðarvísar um réttarvörslukerfið, hvernig það virkar og hver framvinda máls er innan kerfisins á ofbeldisgátt 112.is fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Leiðarvísarnir eru þrír: 1) fyrir 18 ára og eldri, 2) 15–17 ára og 3) 14 ára og yngri. Gerð hafa verið myndbönd („stories“) um helstu úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis til að sýna fólki hvernig er að koma þangað og hjálpa því að yfirstíga þröskuldinn við að fara í ókunnar aðstæður til að sækja hjálp.

Bætt hefur verið upplýsingum fyrir gerendur og/eða sakborninga kynferðisofbeldis á ofbeldisgátt 112.is um leiðir til að hætta að beita ofbeldi og um meðferð mála hjá réttarvörslukerfinu. Bent er sérstaklega á úrræðin „*Taktu skrefið*“, Heimilisfrið og hjálparsímann 1717.

Ofbeldisgátt 112.is hefur verið styrkt til að bæta enn frekar aðgengi að vefnum fyrir fólk af erlendum uppruna og með fötlun. Upplýsingarnar eru á íslensku, ensku og pólsku. Unnið er að því að setja upp sjálfvirka þýðingu á texta og bæta við auðlesnum texta og efni.

3.5.2 Verkefni tengd skólum og æskulýðsstarfi

Samskiptaráðgjafi

Samskiptaráðgjafi í íþrótt- og æskulýðsmálum tók til starfa á árinu 2020 og hefur verið styrktur síðar með auknum fjárveitingum. Hlutverk samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsmálum er m.a. að leiðbeina einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem varða t.d. einelti, ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni. Þá veitir ráðgjafinn einnig íþrótt- og æskulýðsfélögum og samtökum forvarnafræðslu á þessu sviði.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs var styrktur um 8 m.kr. á árinu 2022 til að bregðast við aukinni eftirspurn eftir þjónustu.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs gaf út árið 2022 samræmda viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs við ofbeldi, einelti og slysum. Jafnframt voru útbúnir gátlistar og leiðbeiningar varðandi ráðningu starfsfólks og sjálfbodaliða innan íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Sexan

Staðið var að stuttmyndasamkeppninni Sexan í kynheilbrigðisviku Reykjavíkurborgar (Vika6) í febrúar 2023. Þar voru ungmenni í 7. bekk hvött til að búa til sína eigin stuttmynd um mörk og samþykki, en einnig um tilurð, birtingarmyndir og afleiðingar stafræns ofbeldis. Stefnt er að því að keyra Sexuna aftur í febrúar 2024. Neyðarlínan stóð í samstarfi við lögregluna, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Jafnréttisstofu, RÚV, Barna- og fjölskyldustofu, Embætti landlæknis, Fjölmíðlanefnd og Menntamálastofnun að Sexunni.

Starfsþróun grunnskólakennara – kynja- og jafnréttiskennsla

Kennarasamband Íslands hélt námskeið fyrir grunnskólakennara um hagnýta jafnréttis- og kynjafræðikennslu í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2020. Meðal annars er þar fjallað um kynhlutverk og staðalmyndir, kynbundið náms- og starfsval, birtingarmyndir kynbundins ofbeldis og kynbundinnar áreitni, valdamismunun sem elur á fordómum gegn konum, skaðlegar karlmennskuímyndir og klámneyslu ungmenna.

Vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er með samning við SAFT, Samfélag, fjölskylda og tækni, sem er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af netöryggishluta samgönguáætlunar Evrópusambandsins. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, ríkislögreglustjóra og Barnaheill – *Save the Children Iceland*. SAFT hefur unnið mikið að stafrænni borgaravitund og tekið birtingarmyndir stafræns ofbeldis sérstaklega fyrir undanfarið.

Námskeiðið Kynbundið ofbeldi: forvarnir og fræðsla

Námskeiðið Kynbundið ofbeldi: forvarnir og fræðsla var í boði í Menntafléttu bæði 2022 og 2023. Menntafléttan er námskeið fyrir kennara, starfsfólk á vettvangi frítímans og fagfólk sem starfar við menntun. Í námskeiðinu eru viðteknar hugmyndir samfélagsins um jafnrétti og ofbeldi teknar til gagnrýnnar skoðunar. Markmið námskeiðsins er tvíþætt: Annars vegar að auka skilning þátttakenda á kynbundnu ofbeldi og birtingarmyndum þess í samfélaginu. Hins vegar að þátttakendur efla færni sína í að leiða umræðu, vinna með samfélagsleg viðhorf og að málum tengdum kynbundnu ofbeldi sem kunna að koma upp í starfi á vettvangi.

Markviss kennsla um kynheilbrigði og ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskólum.

[Skýrsla](#) um markvissa kennslu um kynheilbrigði og ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskólum var birt í júní 2021. Tillögurnar í skýrslunni lúta að umgjörð og framkvæmd kynfræðslu en einnig því hvernig fylgjast skuli með framgangi hennar.

3.5.3 Aðgerðir á vinnumarkaði

Í febrúar 2023 hleypti Vinnueftirlitið af stað nýrri herferð gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum undir yfirskriftinni #TökumHöndumSaman. Herferðin samanstóð af sjónvarpsauglýsingum, þróun fræðsluefnis og verkfæra. Tilgangurinn er að hvetja vinnustaði til að grípa til aðgerða með forvörnum, fræðslu og markvissum viðbrögðum.

Nýtt fræðsluefni og hagnýt verkfæri til þess að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustöðum voru þróuð og eru aðgengileg á vefsvæði Vinnueftirlitsins.

Má þar nefna fræðslumyndbönd um birtingarmyndir og afleiðingar kynferðislegrar áreitni og gátlista við meðferð EKKO-mála. Aðgerðin var unnin út frá [tillögum aðgerðahóps gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum](#) sem voru birtar í júní 2021. Gerður var samningur við Vinnueftirlit ríkisins upp á 71,2 m.kr. um að fylgja eftir tillögunum.

4. Alþjóðlegir samningar og sáttmálar

Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (Kvennasamningur Sameinuðu þjóðanna)

Ísland er aðili að Samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, stundum nefndur *Kvennasamningur Sameinuðu þjóðanna*.

[Níunda skýrsla Íslands um samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum \(CEDAW\)](#) var tekin fyrir á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf í maí 2023. Í skýrslunni er fjallað um hvernig Ísland hefur uppfyllt skyldur sínar gagnvart samningnum og hvernig unnið hefur verið eftir þeim tilmælum sem kvennanefndin sendi eftir síðustu skýrslu.

Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi

Ísland er aðili að Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn) en samningurinn er fyrsti bindandi samningurinn sem tekur heildstætt á baráttunni gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Hann kveður á um réttindi brotþola og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða þær konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, sinna forvörnum gegn ofbeldi og bjóða ofbeldismönnum úrræði og meðferð.

Haustið 2021 gáfu íslensk stjórnvöld út [skýrslu um stöðu innleiðingar Istanbúlsamningsins](#) á Íslandi. Í skýrslunni setur nefndin fram tilmæli um það sem betur megi fara við innleiðingu samningsins.

Fyrstu úttekt GREVIO, eftirlitsnefnd um framfylgd Istanbúlsamningsins, á Íslandi lauk í nóvember 2022 með stöðuskýrslu nefndarinnar um innleiðingu samningsins á Íslandi.

Íslensk stjórnvöld hafa brugðist við tilmælum nefndarinnar, t.a.m. með breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn þar sem heilbrigðisstarfsfólk getur nú tilkynnt heimilisofbeldi beint til lögreglu að beiðni þolenda. Þá hafa verið settir á laggirnar starfshópar til þess að skoða fyrirkomulag þjónustu við þolendur vegna ofbeldis og innleiðingar samningsins.

5. Önnur verkefni

5.1 Alþjóðlegt samstarf

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál og málefni hinsegin fólks

Ísland fór fyrir norrænu ráðherranefndinni um jafnréttismál og málefni hinsegin fólks árin 2019 og 2023. Í formennskuáætlun sinni árið 2019 lagði Ísland m.a. áherslu á ofbeldi gegn konum og samfélagslegar afleiðingar þess með hliðsjón af #metoo-hreyfingunni. Þá var ákveðið að fjármagna þriggja ára rannsóknarverkefni um kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum sem ætlað er að undirbyggja framtíðarstefnumótun nefndarinnar á sviði jafnréttismála. Í formennskuáætlun sinni árið 2023 lagði Ísland m.a. áherslu á transfólk og intersex fólk, ásamt því að halda áfram vinnu við að bregðast við því bakslagi í kynja- og hinseginbaráttunni sem hefur átt sér stað á Norðurlöndunum og á heimsvísu.

Formennska Íslands í Evrópuráðinu

Ísland fór með formennsku í Evrópuráðinu frá nóvember 2022 til maí 2023. Í formennskutíð Íslands lögðu íslensk stjórnvöld áherslu á jafnrétti kynjanna og réttindi hinsegin einstaklinga með markvissum hætti. Sérstök áhersla var lögð á að berjast gegn kynbundnu ofbeldi á netinu og mikilvægi þess að virkja karla og stráka í að knýja fram jafnrétti kynjanna. Fastanefnd Íslands í Strassborg skipulagði nokkra viðburði í því skyni, um hlutverk karla og drengja í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, um netofbeldi og um framsækna löggjöf um réttindi hinsegin einstaklinga sem byggði á nýlegri löggjöf Íslands um kynrænt sjálfræði. Ísland átti einnig stóran þátt í samþykkt ályktunar um hlutverk og ábyrgð karla og drengja við að stöðva kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Kynslóð jafnréttis

Kynslóð jafnréttis er alþjóðlegt jafnréttisáttak UN Women sem hófst árið 2020 og er stýrt af sex aðgerðabandalögum sem hafa ólík málefni að leiðarljósi. Ísland leiðir aðgerðabandalag um kynbundið ofbeldi. [Skuldbindingar Íslands](#) í átaksverkefninu eru 23 talsins og hafa það að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi með auknum forvörnum, bæta samráð um aðgerðir gegn ofbeldi og efla þjónustu og stuðningsúrræði við bæði þolendur og gerendur.

5.2 Ráðstefnur og fundir um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi

Landssamráðsfundur gegn ofbeldi

Landssamráðsfundur gegn ofbeldi var haldinn í nóvember 2022. Fundurinn fór fram á Grand Hôtel en var einnig streymt. Markmiðið með fundinum var að gefa fulltrúum ríkis, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, rannsóknastofnana og annarra sem láta sig þessi mál varða tækifæri til að bera saman bækur sínar,

kynna nýjungar, niðurstöður rannsókna og koma á framfæri tillögum til úrbóta með það að markmiði að draga úr og koma í veg fyrir ofbeldi. Meginþemu fundarins voru ofbeldi meðal barna og ungmenna og þverfaglegt samráð gegn heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi og kynbundnu ofbeldi. Að erindum loknum voru haldnar vinnustofur bæði á Grand Hótel, í Háskólanum á Akureyri og í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Fundur um aðgerðir gegn kynferðisofbeldi í framhaldsskólum

Mennta- og barnamálaráðuneyti og Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, héldu fjölmennan umræðufund með starfsfólki, skólastjórnendum og nemendum framhaldsskóla í október 2022 um aðgerðir gegn kynferðisofbeldi í framhaldsskólum undir yfirskriftinni „Viðbrögð og viljinn til breytinga“. Markmið fundarins var að bregðast við ákalli um skýrara verklag í EKKO-málum í framhaldsskólum.

Reykjavík Dialogue

Alþjóðleg kvennasamtök sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni héldu heimsfund í Hörpu 16.–18. ágúst 2021 undir yfirskriftinni *Reykjavík Dialogue, renewing activism to end violence against women*. Ríkisstjórnin samþykkti á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars 2020, að styrkja fundinn.

Alþjóðleg ráðstefna um kynferðisbrot gegn börnum á netinu

Alþjóðleg ráðstefna um kynferðisbrot gegn börnum á netinu fór fram í Háskólanum í Reykjavík í desember 2019. Að ráðstefnunni stóðu Norræna ráðherranefndin og Háskólinn í Reykjavík í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, Embætti ríkissaksóknara, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar.

Alþjóðleg ráðstefna um #metoo

Alþjóðleg ráðstefna um áhrif #metoo-bylgjunnar var haldin í Hörpu haustið 2019. Um 80 fyrirlesarar tóku þátt og gestir voru tæplega 800 talsins. Þetta var því ein viðamesta ráðstefna um áhrif #metoo sem haldin hefur verið. Ráðstefnan var liður í formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og var skipulögð í samvinnu við RÍKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands. Á ráðstefnunni var fjallað um #metoo í alþjóðlegu ljósi og leitast við að greina hvers vegna bylgjan náði þeim hæðum sem hún gerði árið 2017 og hvers vegna áhrifin voru ólík eftir samfélagshópum, samfélögum og löndum. Þá var sá lærdómur sem draga má af #metoo skoðaður hvað varðar fjölpætta mismunun, svo sem vegna kyns, þjóðernis, stéttar, trúarbragða, uppruna, aldurs, fötlunar og kynhneigðar.

